

Mál nr. 391/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.

Líkamstjón við fall í fiskvinnslusal 10.apríl 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. desember 2013 ásamt ljósmyndum af vettvangi og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 27. júní 2008.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann var við vinnu sína hjá H, þar sem hann hafði starfað í átta ár. Starf hans fólst m.a. í því að vinna við flökunarvél í flökunarsal fyrirtækisins. Þegar hann var að ganga frá flökunarvélinni rann hann við í fiskúrgangi sem var á gólfinu og féll við. M hlaut líkamstjón sem fólst m.a. í því að hann fékk brot á sperrilegg vinstri fótur og hefur þurft að gangast undir aðgerð vegna þess, auk þess sem hann hefur verið í meðferð hjá læknum og sjúkraþjálfara.

M telur að slysið megi rekja til sakar starfsmanna H þar sem þeir hafi ítrekað sprautað fiskúrgangi á vinnusvæði M, sem hafi kvartað yfir framferðinu. Verkstjórum hafi verið þetta ljóst en þeir hafi ekki brugðist við ástandinu. M vísar einnig til þess að H hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins strax og verði að bera hallann af því með þeim afleiðingum að sönnunarbyrði um sök snúist við.

V telur að skaðabótaábyrgð H sé ekki fyrir hendi. Algengt sé að fiskúrgangur sé á gólfum í fiskvinnslusölum og M hafi unnið nógu lengi hjá H til að átta sig á því. V telur auk þessa að M hafi haft gönguleið framhjá niðurfallsplötum þar sem fiskúrgangur hafi safnast upp. V telur að slys M sé þannig ekki hægt að rekja til sakar starfsmanna H.

Álit.

Nokkuð ágreiningslaust er að M féll við þegar hann var að ganga frá flökunarvél sem hann vann við. Það er í samræmi við frásögn hans sjálfs og verður vanræksla H á því að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins ekki metin þannig að sönnunarbyrði vegna atvika málsins snúist við. Það er heldur ekki ágreiningur um að M hafi rætt við verkstjóra um fiskúrgang á gólfi. Ágreiningur lýtur að því hvort H hefði getað gert frekari ráðstafanir til að minnka slysaþættu. Af gögnum málsins verður ekki talið sannað að aðstæður, eins og þær voru þegar M slasaðist, hafi verið þannig að meta megi þær til sakar starfsmanna H. Ekki er óeðlilegt að fiskúrgangur fari á gólf í vinnslusölum í fiskvinnslum og verður að líta til þess starfsmenn H þurfi að vera meðvitaðir um það. Fall M í greint sinn verður því rakið til óhappatilviks sem H ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs H hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.